

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 94/2002

frá 25. júní 2002

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2001 frá 19. apríl 2001 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun ráðsins 2001/903/EB frá 3. desember 2001 um ár fatlaðra 2003 í Evrópu ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 8. mgr. 5. gr. bókunar 31 við samninginn:

„- **32001 D 0903**: Ákvörðun ráðsins 2001/903/EB frá 3. desember 2001 um ár fatlaðra 2003 í Evrópu (Stjtíð. EB L 335, 19.12.2001, bls. 15).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2002.

⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 238, 6.9.2001, bls. 43 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 44, 6.9.2001, bls. 34.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 335, 19.12.2001, bls. 15.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. júní 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann